

## Áfangamat við ME á vorönn 2008 - Samantekt -

Í fyrri hluta apríl 2008 fór fram áfangamat í Menntaskólanum á Egilsstöðum. Er þetta fyrsta formlega áfangamat í skólanum frá því vorið 2004. Matið fór þannig fram að kennarar fóru með nemendahópa sína í tölvuver skólans á fyrirfram ákveðnum tímum og báðu þá um að svara spurningalista í tölvum. Þeir nemendur sem höfðu tölvur með sér í kennslustundir gátu framkvæmt matið í þeim. Var kennurum uppálagt að hafa sem minnst afskipti af nemendum sínum á meðan matið fór fram. Á þennan hátt voru allir áfangar skólans metnir sem þóttu hæfa mati af þessu tagi.

Í nokkrum áföngum eru ekki fastar kennslustundir og því voru spurningar matsins ekki viðeigandi fyrir. Þeim áföngum var því sleppt ásamt áföngum sem eru fjarkenndir frá öðrum skólum. Fjarnemendur við ME voru einnig beðnir um að sleppa matinu. Samanlagt voru í kringum 80 nemendahópar metnir.

Í nokkur misseri hefur staðið til að hefja að nýju áfangamat við ME, en dregist hefur að koma því í framkvæmd, m.a. sökum þess að heppilegt matstæki hefur ekki verið fyrir hendi. Í byrjun vorannar 2008 fékk matshópur ME veður af því að forritið Survey Monkey væri notað við áfangamat í MK, og eftir að hafa skoðað forritið var ákveðið að nota það til áfangamats hér. Í kjölfarið hóf matshópur að setja saman spurningalista og hafði til hliðsjónar það áfangamat sem eitt sinn var notað í ME og spurningalista Kanna, sem einnig hefur verið prófaður í ME. Einnig samdi matshópurinn nýjar spurningar. Markmiðið var að semja spurningalista þar sem nemendur myndu meta kennara, áfanga og eigin vinnu. Á seinni stigum bættust við nokkrar spurningar um notkun kennslukerfisins Moodle, sem byrjað var að nota í ME haustið 2007 (sjá spurningalista í viðauka 1).

Könnunin var sett upp í Survey Monkey og afrituð fyrir hvern áfanga. Í Moodle var útbúinn hlekkur fyrir hvern nemanda í hverjum áfanga þannig að auðvelt var fyrir nemendur að opna matið og framkvæma það. Nemendur voru að jafnaði 5 – 15 mínútur að svara spurningunum. Framkvæmd matsins stóð yfir í um vikutíma, en sama dag og mat fór fram í tilteknum áfanga fékk kennari sendan hlekk í tölvupósti þar sem hann gat skoðað niðurstöðurnar. Að loknu mati í öllum áföngum tók áfangastjóri niðurstöður saman í gagnagrunn þannig að sjá mátti meðalsvartíðni hvers svarkosts á súluriti. Þessar heildarniðurstöður voru sendar til allra kennara svo þeir gætu borið niðurstöður eigin áfanga við meðaltöl og fengið þannig gleggri mynd af mati nemenda. Niðurstöðurnar má einnig sjá í þessari skýrslu.


Í spurningalistanum voru fjórar opnar spurningar þar sem nemendur voru beðnir að meta sterkar og veikar hliðar kennarans og kosti og galla áfangans. Þessi svör nemenda voru birt viðkomandi kennurum en eru ekki sýnd í þessari skýrslu.

Tilgangur mats á borð við þetta er fyrst og fremst sá að kennarar fái vísbendingar frá nemendum sínum um hvað sé vel gert í kennslunni og áfanganum og hvað megi betur fara. Þannig getur kennari nýtt niðurstöðurnar til að bæta sig í starfi eða að niðurstöður staðfesti fyrir kennara að hann sé á réttri braut. Auk kennara fá skólameistari og aðstoðarskólameistari aðgang að niðurstöðum matsins, enda í þeirra verkahring að fylgjast með skólastarfi á sem víðtækastan hátt. Aðstoðarskólameistari hyggst nota niðurstöður í starfsmannaviðtölum. Við úrvinnslu gagna var óhjákvæmilegt að áfangastjóri og verkefnisstjóri innra mats gjöuðu augum á niðurstöður. Mun það þó hafa verið í lágmarki og leggja þeir drengskap sinn að veði fyrir því.


Ekki skal fjölyrt um niðurstöður matsins hér, þær skýra sig sjálfar. Þó má segja að í heildina beri nemendur Menntaskólans á Egilsstöðum kennurum sínum vel söguna, enda meðalsvartíðni við öllum kvörðuðum spurningum á afgerandi hátt „jákvætt megin“ við miðju. Langalgengast var að hæsta svartíðnin væri við jákvæðasta svarkost spurninga. Þar á eftir kom jafnan næst jákvæðasti svarkostur. Helst var að þetta mynstur riðlaðist þegar nemendur mátu sjálfa sig.

Að undirbúningi, framkvæmd og úrvinnslu áfangamatsins stóð starfshópur innra mats við ME, en hann skipa Arnar Sigbjörnsson, Jón Ingi Sigurbjörnsson, Jóney Jónsdóttir, Sigrún Blöndal, Sigrún Hrafnisdóttir, Sigurður Ingólfsson og Þorbjörn Rúnarsson.


## 1. hluti, kennarinn




### Kennarinn útskýrði vel




### Kennarinn svaraði vel spurningum




### Kennari leitaði eftir álitni nemenda á viðfangsefnum




### Kennari bar umhyggju fyrir nemendum




### Kennari var hvetjandi




### Kennarinn notaði tímann vel




### Kennarinn setti hæfilega fyrir




### Kennarinn var sveigjanlegur þegar við átti




### Kennarinn var sanngjarn í námsmati




### Kennarinn hélt góðum vinnuanda í kennslustundum




### Kennarinn var stundvís og mætti vel




### Kennarinn hélt athygli minni vel




### Kennarinn gerði námið áhugavert




### Kennarinn brást vel við gagnrýni/athugasemdum




### Kennarinn mismunaði ekki nemendum




### Kennarinn hvatti til sjálfstæðra vinnubragða



### Kennarinn sýndi fram á tilgang með náminu






### Samskipti mín við kennarann voru:






## 2. hluti, áfanginn




### Mér fannst námsefni áfangans:




### 3. hluti, nemandinn


### Hvernig mætti ég undirbúin/n í tíma?



### Hvernig leið mér í tímum?




### Árangur minn í áfanganum verður líklega:




#### 4. hluti, hjálpartæki kennslunnar


### Miðannarmatið í þessum áfanga nýttist mér:




### Hversu mikið notaði kennarinn Moodle í áfanganum?




### Hversu mikið notaði ég Moodle í áfanganum?



### Hvernig gagnaðist Moodle kennslukerfið mér?



## Moodle miðað við önnur kerfi



## Viðauki 1

### Spurningalistinn sem notaður var í áfangamatinu

#### 1. Kennarinn:

	sammála	frekar sammála	hvorki né	frekar ósammála	ósammála
var vel undirbúinn fyrir tíma	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
útskýrði vel	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
svaraði vel spurningum	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
leitaði eftir áliti nemenda á viðfangsefnum	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
bar umhyggju fyrir nemendum	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
var hvetjandi	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
notaði tímann vel	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
setti hæfilega fyrir	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
var sveigjanlegur þegar við átti	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
var sanngjarn í námsmati	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
hélt góðum vinnuanda í kennslustundum	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
var stundvís og mætti vel	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
hélt athygli minni vel	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
gerði námið áhugavert	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
brást vel við gagnrýni/athugasemdum	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
mismunaði ekki nemendum	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
hvatti til sjálfstæðra vinnubragða	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
sýndi fram á tilgang með náminu	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

#### 2. Samskipti mín við kennarann voru:

- mjög góð
- frekar góð
- hvorki né
- fremur slæm
- mjög slæm

#### 3. Verkefni áfangans voru:

- mjög áhugaverð
- frekar áhugaverð
- hvorki né
- lítt áhugaverð
- ekki áhugaverð

**4. Verkefni áfangans voru:**

- mjög lærdómsrík
- frekar lærdómsrík
- hvorki né
- lítt lærdómsrík
- ekki lærdómsrík

**5. Mér fannst áfanginn:**

- mjög þungur
- frekar þungur
- hvorki né
- frekar léttur
- mjög léttur

**6. Mér fannst námsefni áfangans:**

- mjög gott
- frekar gott
- hvorki né
- frekar slæmt
- mjög slæmt

**7. Hvernig mætti ég undirbúin/n í tíma?**

- mjög vel
- frekar vel
- hvorki né
- frekar illa
- mjög illa

**8. Hvernig leið mér í tímum?**

- mjög vel
- frekar vel
- hvorki né
- frekar illa
- mjög illa

**9. Árangur minn í áfanganum verður líklega:**

- mjög góður
- frekar góður
- hvorki né
- frekar slakur
- mjög slakur

**10. Mér fannst miðannarmatið í þessum áfanga nýtast mér:**

- mjög vel
- frekar vel
- hvorki né
- frekar illa
- mjög illa

**11. Hversu mikið notaði kennarinn Moodle í áfanganum?**

- mjög mikið
- frekar mikið
- hvorki né
- frekar lítið
- mjög lítið
- ekkert

**12. Hversu mikið notaði ég Moodle í áfanganum?**

- mjög mikið
- frekar mikið
- hvorki né
- frekar lítið
- mjög lítið
- ekkert



**13. Hvernig gagnaðist Moodle kennslukerfið mér í áfanganum?**

- mjög vel
- frekar vel
- hvorki né
- frekar illa
- mjög illa
- Moodle var ekki notað í áfanganum

**14. Hvernig finnst mér Moodle kennslukerfið miðað við önnur kennslukerfi sem ég hef notað:**

- betra
- hvorki né
- verra
- hef ekki prófað önnur kennslukerfi

**15. Hver er helsti styrkur kennarans?**

**16. Hverjar eru veiku hliðar kennarans?**

**17. Hverjir eru helstu kostir áfangans?**

**18. Hverjir eru helstu gallar áfangans?**